

Reykjavík,  
19. september 2024

## TILLAGA

### um skráningu á vinnu skrifstofu Stúdentaráðs

Skrifstofa stúdentaráðs skal taka saman fréttabréf í lok hvers mánaðar sem verður gert aðgengilegt á sameiginlegu drifi stúdentaráðsliða sem og öllum stúdentum HÍ á skrifstofu SHÍ. Í fréttabréfinu skal koma fram hverju skrifstofan hefur áorkað á liðnum mánuði og vinnustundir starfsmanna skrifstofunnar.

## RÖKSTUÐNINGUR

Í ljósi tillögu Röskvu og umræðu á stúdentaráðsfundi 27. ágúst þykir okkur mikilvægt að koma á ramma um gagnsæi í vinnu skrifstofu Stúdentaráðs.

Júlíus Viggó Ólafsson  
Stúdentaráðsliði og oddviti Vöku